

Fundargerð samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu og fjarskiptamál, 3. mars 2015 í fundarsal innanríkisráðuneytis.

Mættir voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Karl Kristjánsson, Finnur Ólafsson og Pétur G Markan. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri mun einnig sitja fundinn.

Formaður setti fundinn og kynnti að Ingibjörg Benediktsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir væru forfallaðar og í þeirra stað sætu fundinn þeir Finnur Ólafsson og Pétur G Markan.

Formaður kynnti markmið fundarins, sem er að afla upplýsinga og taka til umræðu næstu verkefni innan samgönguáætlunar og verkefni innan fjarskiptaáætlunar. Einnig verði rædd framkvæmdarverkefni næstu tveggja ára og sértæk mál. Til fundarins eru boðaðir forstöðumenn samgöngustofnana eða fulltrúar þeirra. Einnig mun nefndin eiga fund með innanríkisráðherra og skrifstofustjóra innviða.

11.00 Vegamál,

Mættur til fundar Hreinn Haraldsson, Vegamálastjóri og Magnús Valur Jóhannsson

1. Staða endurupptöku umhverfsmats vegna Teigsskógs, leið Þ-H.
Vegamálastjóri kynnti stöðu máls frá því síðasta hausti, þegar skipað var til óformlegs starfshóps ráðuneyta, Vegagerðar og Skipulagsstofnunar í framhaldi af ákvörðun Skipulagsstofnunar að hafna tillögu Vegagerðar að leið Þ-H og H og I (að hluta) yrðu settar í nýtt umhverfismat. Niðurstaða starfshóps var að Veggerðin myndi óska eftir endurupptöku eldra umhverfismats frá árinu 2005 á grundvelli nýrra gagna í málinu.

Beiðni um endurupptöku var kynnt 21. janúar s.l. og frestur gefin til 23. febrúar að skila inn athugasemdum við þeirri beiðni. Vegagerðin væri nú að vinna að svara þeim umsögnum sem hefðu borist frá hagsmunaaðilum og kynna Skipulagsstofnun fyrir miðjan þennan mánuð. Skipulagsstofnun hefði fjórar vikur til að svara erindi Vegagerðar.

Verði endurupptaka samþykkt og gangi umhverfismat í gegn þá má vænta að útboð yrði auglýst í byrjun næsta árs og hefja megi undirbúning framkvæmda um mitt það ár ár eða næsta haust. Allt þó háð samþykki fjárveitinga Alþingis og nýrrar samgönguáætlunar.

2. verkefni á árinu 2015 í samræmi við næsta 4 ára tímabil 2015-2018 innan samgönguáætlunar (2011-2022)

- a. Staða nýframkvæmda á árinu 2015. Engin 4 ára samgönguáætlun er nú í gildi þar sem Alþingi hefur ekki afgreitt þingsályktun tvö ár í röð. Fjárlög 2015 legðu áherslu á viðhald samgöngnukerfis og greiða halla á vetrarþjónustu og kæmi það niður á nýframkvæmdum. Á Vestfjörðum yrði á árinu 2015 lokið við nýframkvæmdina Eiði – Þverá á Vestfjarðavegi 60, ekki yrðu önnur verkefni boðin út. Væntingar hefðu verið um að geta boðið út nýframkvæmd á Bjarnafjarðarhálsi á Strandavegi, en af því yrði ekki að óbreyttum forsendum.
- b. stærri viðhaldsverkefni, burðarþol vega. Vegagerðin hefur lagt áherslu á við fjárveitingarvaldið að ákveðin fjárhagsrammi sé til stærri viðhaldsverkefni. Á Vestfjörðum væri ákveðið að bjóða út kafla á Örlygshafnarvego, þ.e. setja varanlegt slitlag.

- c. fyrirkomulag vetrarþjónustu og öryggismál vegfarenda
Rætt um að erfiður vetur hefur reynt á snjómokstur á Vestfjörðum en sérstaklega í Vestur Barð. Fannfergi hefur verið meira en mörg ár í röð og kallaði það á öflugri tæki en til staðar eru í dag. Sjö daga snjómokstur sem tekin var upp að nýju á síðasta hausti hefur breytt verulega aðstæðum til hins betra en slípa þarf þjónustuna að mati samgöngunefndar.

Samfélagið er í örri breytingu og kröfur um heilsársopnun t.d. ferðaþjónustunnar kallar á aukna þjónustu en fjárveitingar hafa ekki aukst að sama skapi Vegagerðin telur að samræming vetrarþjónustunnar í gegnum tvær miðstöðvar á Ísafirði og Hafnarfirði hafi gengið vel..

3. samgönguáætlun 2015-2018

Kynnt að 12 ára samgönguáætlun 2015-2026 yrði ekki afgreidd vorþingi. Áhersla er á að afgreiða áætlun fyrir tímabilið 2015-2108 og samgönguverkefni sem eru í gildandi 12 ára áætlun (2011-2022) fyrir tímabilið 2015-2018 eru þar inni, en með hefðbundnum fyrirvara um fjárveitingu.

- stórverkefni eru; Vestfjarðavegur 60 í Gufudalssveit (framkvæmdarkostnaður 6-7 milljarðar) með útboði strax og umhverfismatsferli líkur og Dýrafjarðargöng (framkvæmdarkostnaður 7-8 milljarðar) með útboði á árinu 2016
- heilsárssamgöngur í Árneshreppi, Bjarnarfjarðarháls og Veiðileysuháls (framkvæmdakostnaður 1,2-1,5 milljarðar).
- öryggismál á Súðavíkurlíð (250 mkr)

Samgöngunefnd lagði áherslu á að framkvæmd við endurnýjun vegar um Dynjandisheiði kæmi einnig inn á þetta tímabil 2015-2018 (framkvæmdakostnaður 5-7 milljarðar) og yrði í takti við gerð Dýrafjarðargangna. Varðandi stærri viðhaldsverkefni þá yrði að setja fram forgangsroðun verkefna, þar væri aðkallandi breikkun slitlags á Djúpvegi 61 í Seyðisfirði og um eiðið á milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar. Fleiri verkefni væru sama eðlis t.d. á Innstrandavegi (68) í Bitrufirði. Í öryggismálum yrði að fara í úrbætur á Raknadalshlíð á Barðastrandarvegi (62).

Rætt um vinnu starfshóps Vegagerðar um val á vegstæðum um Dynjandisheiði. Starfshópurinn hefur ekki komið saman í tæp tvö ár en tími hefur verið nýttur til að frumhanna möguleg vegstæði á grundvelli áfangaskýrslu starfshópsins. Starfshópurinn ætti að geta komið saman nú í vor og skilað tillögum sínum.

4. undirbúningur að samgönguáætlun 2015-2026.

Samgönguáætlun verður lögð fram til kynningar á vorþingi og mætti þá m.a. auglýsa umhverfismat áætlunarinnar. Mikilvægt er að stefnumörkun sveitarfélaga liggi sem fyrst fyrir og ný verkefni komist í umræðu t.d. Álftafjarðargöng.

5. Almenningsamgöngur

- Samgöngunefnd kynnti að auka yrði fjármagn til almenningsamgangna um minnsta kosti helming ef fylgja ætti markmiðum í frumvarpi til laga um fólksflutninga á landi. Ekkert nýtt fjármagn hefði verið sett til verkefnisins í fjárlögum 2015 og umhugsunarvert fyrir framhald verkefnisins á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- Samningar um ríkisstyrkt áætlunarflug

- Núverandi fyrirkomulag verður framlengt til 1. júlí n.k. en stefnt væri að útboð ætti að fara af stað á næstu vikum. Fjármagn hefur ekki verið aukið en miðað væri við áfámhaldandi stuðning við áætlunarflug á Bíldudal og Gjögur.
- Siglingarmál. Málaflokkurinn hefði verið skorin mikið niður í framhaldi af efnahagsruni, nú væri komið að aðkallandi verkefnum um land allt. Rætt um að sveitarfélög væru nú krafín um gerð arðsemismat af hafnarframkvæmdum. Slíkt mat ætti að vinna hjá Vegagerðinni eins og verið hefði áður hjá Siglingarmálastofnun.

13.00 Innanríkisráðuneytið

Fundur með innanríkisráðherra Ólöfu Norðdal og Sigurbergi Björnssyni skrifstofustjóra innviða.

Rætt um;

Stöðu á endurupptöku umhverfsmats vegna Teigsskógs, leið Þ-H.

Verkefni á árinu 2015 í samræmi við næsta 4 ára tímabil 2015-2018 innan samgönguáætlunar (2011-2022)

Fyrirkomulag vetrarþjónustu og öryggismál vegfarenda

Samgönguáætlun 2015-2018

- stórverkefni Vestfjarðavegur 60 í Gufudalssveit og Dýrafjarðargöng
- heilsárssamgöngur í Árneshreppi
- öryggismál á Súðavíkurhlíð
- stærri viðhaldsverkefni, burðarþol vega
- Undirbúningur stórverkefna, Dynjandisheiði, Álftafjarðargöng

Samgönguáætlun 2015-2026

Almenningssamgöngur

- Almenningsamgöngur á landi á grundvelli sérleyfa landshlutasamtaka
- Samningar um ríkisstyrkt áætlunarflug

13.45 Flugmál

Björn Óli Hauksson, forstjóri og Haukur Hauksson, ISAVIA.

1. Framkvæmdir og viðhald á flugvöllum og flugleiðsögn á Vestfjörðum 2015
ISAVIA rekstur flugvalla og flugleiðsögukerfis á grundvelli þjónustusamnings við ríkið hefur gengið í gegnum miklar breytingar en er nú komin í gott horf að mati félagsins. Viðhald og endunýjun innanlandsflugvalla væru í slæmri stöðu eftir margra ára fjársvelli og hefði stefnt í lokun fleiri flugvalla ef ekki hefði komið til auknar fjárveitningar í fjárlögum 2015.

ISAVIA hefði gert tillögu um ráðstöfun aukins fjármagns til þriggja flugvalla, þ.e. Gjögur, Húsavík og Vopnafjörður og slitlag á flughlað á Akureyrarflugvelli. Beðið yrði með úrbætur á Þingeyrarflugvelli og aflað betri gagna um ástand burðarlags.

Ef fjárveitingum yrði haldið með sama hætti á næstu þrem árum þá yrði kerfið komið í ásættanlegt horf.

2. Ályktanir 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga
 - a. Innanlandsflug
Bent á að það er pólitíks ákvörðun um að loka flugvöllum hér færi ISAVIA eftir vilja Alþingis og innanríkisráðuneytis.

ISAVIA tekur undir að álögur á flugfargjöld hefðu aukist um of og finna yrði aðrar leiðir til að greiða rektur flugvalla og flugleiðsögnin í innanlandsflugi.

ISAVIA telur að erfitt verði að bjóða út ríkisstyrkt áætlunarflug á komandi sumri því fjármagn hefði ekki fylgt þróun verðlags, hækkun eldsneytis og auknar kröfur á flugrekstaraðila. Samræma yrði einnig val á flugvélategundum og stöðu þeirra áætlunarflugvalla sem eru í útboðinu.

b. Uppbygging alþjóðaflugvallar á Vestfjörðum (nýtt flugvallarstæði til viðbótar eða í stað Ísafjarðarflugvallar)

ISAVIA telur að áhugavert sé að gera úttekt á flugvallarmálum á Vestfjörðum í anda ályktunar Fjórðungssþings. Bent er hinsvegar á ýmsa annmarka í fraktflugi m.a. að lengingi Akureyrarflugvallar hafi ekki leitt til aukins útflutnings í flugi frá því svæði. Áherslan ætti e.t.v. að finna flugvallarstæði sem yki möguleika á blind og næturflugi.

Rætt um stöðu Reykjavíkurflugvallar. Að óbreyttu efnahagsástandi þá er fjarri að nýr flugvöllur verði byggður á höfuðborgarsvæðinu en stofnkostnaður er um 15 milljarðar. Það er mat ISAVA að verði innanlandsflug flutt til Keflavíkur þá dragist það verulega saman og verði mjög takmarkaður valkostur fyrir áætlunarflug á Vestfirði og mið Norðurland.

14.45 Fjarskiptamál

Otto Whinter sérfræðingur Fjarskiptasjóðs kom til fundar.

Otto kynnti að hálfu Fjarskiptasjóðs væru Vestfirðir metnir sem forgangssvæði í uppbyggingu stofnkerfis fyrir ljósleiðara (hringtenging) og fjármunir væru nú eru til reiðu til verkefnisins. Unnar hefður verið tillögur um lagning ljósleiðara og nú hefði verið auglýst að hálfu Ríkiskaupa eftir áhugasömum aðilum til að fara í verkefnið á þessu ári og því næsta. Niðurstaða ætti að liggja fyrir á næstu tveim vikum um framhald málsins m.a. tímasetningar á framkvæmdir.

Málið tengist einnig þeirri fyrirætlun að auka ljósleiðarvæðingu í dreifbýli. Það væri beðið endnalegar tillagana starfshóps um alþjónustu, en þeirra væri að vænta nú mars. Mikilvægt væri að sveitarfélög á þessum svæðum væru í nánú samstarfi við Fjarskiptasjóð um þessi mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.45.